

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, hér eftir nefnt Árborg og Sigtún Þróunarfélag ehf. kt. 551012-1310, hér eftir nefnt SP gera með sér eftirfarandi

Samning

Samningurinn fjallar þau svæði sem auðkennd eru á meðfylgjandi uppdrætti frá EFLU verkfræðistofu dags. 13. febrúar 2018.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um að breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ Selfoss sem auglýst var þann 18. júlí 2017 öðlist endanlegt gildi.

1. gr. Bílastæði við Kirkjuveg

Á meðfylgjandi uppdrætti frá EFLU verkfræðistofu eru bílastæði við Kirkjuveg merkt með rauðum lit. SP mun á sinn kostnað hanna og annast allar framkvæmdir við þessi bílastæði hvaða nafni sem þær nefnast þ.m.t. merkingar og frágang á umhverfi í kringum þau. Öll vinna við hönnun og frágang skal vera í samræmi við samning aðila dags. 28. júlí 2017.

Bílastæðin munu verða á eignarlandi Árborgar en SP mun á sinn kostnað sjá um rekstur bílastæðanna þ.m.t. viðhald, merkingar og snjómokstur.

2. gr. Lóðirnar við Austurveg 4 og 4a

Á meðfylgjandi uppdrætti frá EFLU verkfræðistofu eru bílastæði við Austurveg 4 merkt með grænum lit. SP mun á sinn kostnað hanna og annast allar framkvæmdir við þessi bílastæði hvaða nafni sem þær nefnast þ.m.t. merkingar og frágang á umhverfi í kringum þau í samráði við eigendur. Öll vinna við hönnun og frágang skal vera í samræmi við samning aðila dags. 28. júlí 2017.

SP mun annast á sinn kostnað allar framkvæmdir sem Árborg hefur skuldbundið sig til þess að annast skv. samningi Árborgar og Árfoss ehf. dags. 15. júlí 2017.

3. gr. Torg á B-götu 4

Á meðfylgjandi uppdrætti frá EFLU verkfræðistofu er torg á lóðinni við B-götu 4 merkt með gulum lit. SP mun á sinn kostnað hanna og annast allar framkvæmdir við torgið hvaða nafni sem þær nefnast í samræmi við samning aðila dags. 28. júlí 2017. Undir torginu hefur SP byggingarrétt og fer með eignarhald á þeim framkvæmdum sem kunna að verða gerðar undir yfirborði.

Árborg mun á sinn kostnað annast rekstur torgsins þrátt fyrir að það sé inn á lóð SP eftir að lokaúttekt hefur farið fram í samræmi við samning aðila frá 28. júlí 2017.

4. gr. Lóð við A-götu 1

Á meðfylgjandi uppdrætti frá EFLU verkfræðistofu er hluti lóðarinnar sem nú til heyrir Austurvegi 2 merkt með fjólubláum lit. Árborg er eigandi lóðarinnar við Austurveg 2. Í deiliskipulagstillögu sem auglýst var 18. júlí 2017 er gert ráð fyrir að þessum hluta lóðarinnar verði skipt út og hann sameinaður lóðinni við A-götu 1. Árborg mun úthluta SP lóðarpartinum í samræmi við ákvæði samnings aðila dags. 28. júlí 2017.

ÁRBORG	
Gert: 09.72	Mott: 19/2 '18
Abm: A. Stef	Mmr: 1503158

47

Áréttað er að skv. samningi aðila að SP mun annast alla tilfærslu lagna sem kann að verða þörf á vegna framkvæmdanna, Árborg að kostnaðarlausu.

Fylgiskjöl

Eftirtalin skjöl eru hluti af samningi þessum:

1. Uppdráttur frá EFLU verkfræðistofu dags. 13. febrúar 2018
2. Samningur aðila dags. 28. júlí 2017.
3. Samningur Árborgar við Árfoss ehf., dags. 15. júlí 2017.

Sevþessi 13/2 2018
Staður og dagsetning

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar



f.h. Sigtúns þróunarfélags ehf.



Vottar að rétttri dags., fjárræði og undirritun:


260261-6419

B3

Sveitarfélagið Árborg kt. 650598-2029, hér eftir nefnt Árborg og Sigtún Þróunarfélag ehf. kt. 551012-1310 hér eftir nefnt SP gerðu með sér sameiginlega yfirlýsingu um nýja heildarsýn á miðbæ Selfoss, dags. 19. mars 2015. Bæjarráð Árborgar samþykkti á sínum 31. fundi, sama dag viljrði fyrir úthlutun miðbæjarsvæðis á Selfossi til SP um uppbyggingu alhliða miðbæjarstarfsemi og ferðaþjónustu.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 16. mars 2016 að gera skyldi drög að samningi við SP um gatnagerð og úthlutun lóða á nefndu svæði sem lagður skyldi fyrir bæjarráð.

Í samræmi við framangreinda ákvörðun bæjarstjórnar Árborgar gera aðilar með sér svofellt:

Samkomulag um uppbyggingu alhliða miðbæjarstarfsemi og ferðaþjónustu í miðbæ Selfoss

1. gr.

Aðilar eru sammála um að samkomulag þetta taki til landsvæðis sem afmarkað er á uppdrætti frá Eflu dags. 15.12.2016. Um er að ræða svæði er nemur 2,04 ha að flatarmáli.

SP hyggst skipta framkvæmdum á svæði því er skilgreint er skv. framansögðu í tvo áfanga, annars vegar áfanga 1 sem merktur er á meðfylgjandi uppdrætti og hins vegar áfanga 2 sem merktur er með sama hætti á nefndum uppdrætti.

Gatnagerð á svæðinu í heild sinni verður þó framkvæmd samtímis bæði á svæði er tekur yfir áfanga 1 og áfanga 2.

Byggingar á landsvæðinu skulu vera í samræmi við fyrirliggjandi skýringaruppdrætti sem eru hluti af deiliskipulagstillögu vegna svæðisins.

SP er óheimilt að framselja lóðarleiguréttindi skv. samningi þessum nema með samþykki Árborgar shr. nánar 5. gr. samnings þessa.

2. gr.

Árborg skuldbindur sig til þess að úthluta til SP lóðum sveitarfélagsins sem liggja innan þess svæðis sem tiltekið er í 1. gr. samkomulags þessa.

SP skuldbindur sig til þess að sjá um og kosta gerð deiliskipulags fyrir svæðið í heild og leggja fyrir sveitarfélagið til umfjöllunar og afgreiðslu. Allur kostnaður við ráðgjafastörf, gerð uppdratta og greinargerða vegna skipulags og framkvæmda greiðir SP.

3. gr.

Þegar deiliskipulagstillaga hefur fengið endanlegt samþykki gerir SP lóðablað á sinn kostnað í samræmi við samþykkt deiliskipulag og afhendir þau endurgjaldslaust

13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40
41
42
43
44
45
46
47
48
49
50
51
52
53
54
55
56
57
58
59
60
61
62
63
64
65
66
67
68
69
70
71
72
73
74
75
76
77
78
79
80
81
82
83
84
85
86
87
88
89
90
91
92
93
94
95
96
97
98
99
100

skipulags- og byggingarfulltrúa á A-4 blöðum og á rafrænu formi. Skipulags- og byggingarfulltrúi annast skráningu í gagnagrunn Fasteignamats ríkisins.

4. gr.

SÞ skuldbindur sig til þess að afsala, án endurgjalds, veðbandalaus til Árborgar, öllu eignarlandi sínu og eftir atvikum leigulóðarréttindum innan þess svæðis sem samkomulag þetta nær yfir, enda skuldbindur Árborg sig frá sama tíma til þess að gefa út lóðarleigusamninga um allar byggingalóðir innan áfanga 1 til SÞ. Að auki skuldbindur Árborg sig til þess að gera lóðarleigusamning við SÞ um 4.329 m² lóð við B-götu (áður Hafnartún og Kirkjuvegur 11) á sama tíma.

5. gr.

Gengið skal frá afsölum og yfirlýsingum um eignaskipti, á þeim hluta svæðisins sem er nú í eigu SÞ, til þinglýsingar, þegar skipulag svæðisins hefur öðlast gildi, samhliða formlegri lóðarúthlutun með útgáfu lóðarleigusamninga. SÞ er óheimilt að framselja og/eða veðsetja réttindi og skyldur sem fylgja nefndu svæði, hverju nafni sem nefnast, nema með samþykki sveitarfélagsins, þar til lóðarleigusamningar hafa verið gefnir út og hús á hverri lóð fyrir sig hafa náð byggingarstigi 4. Ákvæði þetta á þó ekki við um um 4.329 m² lóð við B-götu (áður Hafnartún og Kirkjuvegur 11) sbr. 4. gr. samnings þessa. Lóðarhafi ber kostnað af þinglýsingu lóðarleigusamninga.

6. gr.

Reglur um úthlutun lóða í Sveitarfélaginu Árborg, eftir því sem við á, skulu hafðar til viðmiðunar og leiðbeiningar um framkvæmdir á svæðinu sem samkomulagið tekur til.

7. gr.

Endanleg úthlutun lóða í áfanga 1 og gerð lóðarleigusamninga getur aldrei farið fram fyrir en deiliskipulag hefur öðlast gildi og eftir að SÞ hefur sýnt fram á fjármögnun allra fyrirhugaðra framkvæmda á því svæði og lagt fram tryggingu á greiðslu byggingar- og tengigjalda.

Endanleg úthlutun einstakra lóða í áfanga 2 og gerð lóðarleigusamninga getur aldrei farið fram fyrir en deiliskipulag öðlast gildi og eftir að SÞ hefur sýnt fram á fjármögnun allra fyrirhugaðra framkvæmda á hverri lóð fyrir sig. Ákvæði þetta á þó ekki við um gerð lóðarleigusamnings um 4.329 m² lóð við B-götu (áður Hafnartún og Kirkjuvegur 11) sbr. 4. gr. samnings þessa.

Frestur SÞ til að hefja framkvæmdir við gatnagerð á svæðinu skal vera 12 mánuðir frá gildistöku deiliskipulags.

Hafi framkvæmdir við gatnagerð ekki hafist innan 12 mánaða frá því að deiliskipulag öðlast gildi þá telst úthlutun lóða á svæðinu er samkomulagið tekur til niður fallin. Lóðirnar munu þá falla aftur til Sveitarfélagsins Árborgar. Árborg skal við þær aðstæður endurgreiða greidd tengigjöld til SÞ, en þó ekki fyrir en gerðir hafa verið lóðaleigusamningar um einstakar lóðir við nýja lóðarhafa.

Framkvæmdir við gatnagerð sem kunna að hafa átt sér stað á svæðinu og nýtast Árborg til áframhaldandi uppbyggingar skulu endurgreiðast til SÞ á matsverði þeirra, ef ekki verður samkomulag um annað.

h
(N) GA
w

Úthlutun fellur úr gildi ef frestur til að hefja framkvæmdir rennur út án þess að SP hefji byggingarframkvæmdir eða setji fram rökstudda beiðni um lengri frest, nema frestunin stafi af kærur og/eða dómsmálum vegna skipulags svæðisins

Framlenging á framangreindum 12 mánaða fresti kemur því aðeins til greina að SP sækji um slíkt skriflega áður en fresturinn rennur út og geti fært fram rök fyrir slíkri beiðni.

Öllum framkvæmdum á svæði því er SP hefur til umráða, innan marka þess svæðis sem hið fyrirhugaða deiliskipulag tekur til í miðbæ Selfoss, skal lokið innan fjögurra ára frá formlegri úthlutun fyrstu lóðar á því svæði sem samkomulag þetta tekur til.

8. gr.

SP skuldbindur sig til þess að greiða öll gjöld, til Árborgar vegna framkvæmda á svæði er samkomulag þetta tekur til s.s. byggingargjöld, þ.m.t. tengigjöld, sem lögð verða á húsbýggingar á viðkomandi lóðum, í samræmi við gildandi gjaldskrár á hverjum tíma, enda komi á móti hefðbundin þjónusta sveitarfélagsins vegna þessara sömu gjalda.

9. gr.

SP mun annast á sinn kostnað allar framkvæmdir á svæðinu þ.m.t. alla gatnagerð, frágang opinna svæða, gangstíga og gangstétta osfrv. Um er að ræða lagningu gatna, gangstétta, göngustíga, neysluvatnslagna, fráveitulagna, götuljósakerfis, frágang á leiksvæðum, opnum svæðum og fullnaðarfrágang umhverfisins, s.s. þökulagningu og gróðursetningu trjáa þar sem það á við skv. deiliskipulagi.

Til þess að mæta kostnaði við þær framkvæmdir þá greiðir SP ekki gatnagerðargjald til Árborgar vegna mannvirkja er rísa á svæði því er samkomulag þetta tekur til, né heldur mannvirkja sem reist verða í stað eldri bygginga. Með sama hætti hvílir ekki skylda á Árborg að endurgreiða til SP eða annarra lóðarhafa, sem leiða rétt sinn frá SP gatnagerðargjöld vegna fasteigna sem hugsanlega verða rífnar á svæðinu og ekki endurbyggðar.

Verði gatnagerðarframkvæmdum á því svæði sem samkomulag þetta tekur til ekki lokið með fullnægjandi hætti, að mati Árborgar, innan fjögurra ára frá formlegri úthlutun fyrstu lóðar á svæðinu hefur Árborg rétt til þess að leggja gatnagerðargjöld á lóðir á svæðinu þar sem byggingarleyfi hefur ekki verið gefið út.

10. gr.

SP skal fá samþykki Framkvæmda- og veitusviðs Árborgar fyrir vali á efni og hönnun þeirra verkhluta sem snúa að sveitarfélaginu og fyrirtækjum þess. Um er að ræða hönnun gatna, gangstétta, stíga, opinna svæða, lagna o.fl., og val á lagnaefni, götuljósastólpum, lömpum, umferðarskiltum og gatnamerkingarskiltum. Skal SP leggja fram uppdrætti, verklýsingar og efnislýsingar fyrir hvern verkþátt/efnislið. Við hönnun og val á efni skal fylgja almennum kröfum sem gerðar eru til uppbyggingar af því tagi sem um ræðir. Meðfylgjandi samningi þessum er tæknilýsing vegna gatnagerðar, gangstétta, stíga götulýsingar, frárennslis, vatnslagna o.fl. sem telst hluti samnings þessa.

10.6 VÍ
GA
WS

11. gr.

SÞ skuldbindur sig til þess að halda Árborg skaðlausu af öllum skaðabótakröfum vegna samþykktar og breytinga á deiliskipulagi svæðisins sem samkomulag þetta tekur til, m.v. gildandi skipulag, enda skal SÞ gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í slíkum málum á sinn kostnað. SÞ skal staðreyna gagnvart Árborg um leið og fjármögnun framkvæmda er tryggð, að tekið sé tillit til hugsanlegra skaðabótakrafna vegna breytts deiliskipulags. SÞ skal setja sveitarfélaginu, ef það óskar þess, sérstaka bankatryggingu vegna hugsanlegra skaðabótakrafna samkvæmt þessari málsgrein sem skal taka mið af raunhæfum fjárhæðum meintra skaðabóta.

12. gr.

Um framkvæmd lagningar hitaveitu skal SÞ semja við Selfossveitur, við Vatnsveitu Árborgar (V.Á.) um tengingu vatnsveitu við stofnkerfi V.Á. og við Fráveitu Árborgar (F.Á.) um tengingu fráveitu við stofnkerfi F.Á. Um dreifikerfi rafveitu skal SÞ semja við viðkomandi dreifiveitu og um framkvæmd lagningar síma- og fjarskiptalagna skal SÞ semja við viðkomandi símafyrirtæki. Stofngjöld annarra veitufyrirtækja en V.Á. og F.Á. eru skv. gildandi gjaldskrá hvers þeirra.

SÞ og veitufyrirtæki skulu gera sameiginlega áætlun um framkvæmdir á svæðinu. Fari svo að ekki fáiast verktakar og/eða starfsmenn að einum eða fleiri þessara verkþátta skulu aðilar meta stöðu framkvæmda og koma sér saman um nýja áætlun. Skapist slíkar aðstæður á markaði sem hér er lýst og hafa í för með sér tafir á gildandi áætlun eru aðilar sammála um að þær rýmki framkvæmdaramma aðila og baki þeim ekki skaðabótaskyldu.

13. gr.

Annist tveir eða fleiri verktakar framkvæmdir á svæðinu skal SÞ setja verkefnisstjóra yfir framkvæmdum innan verksvæðisins og skal hann samræma verkþætti þannig að eðlileg framvinda geti orðið í framkvæmdum á svæðinu.

14. gr.

SÞ annast á sinn kostnað alla tilfærslu lagna sem kann að verða þörf á vegna framkvæmda innan þess svæðis sem samkomulag þetta tekur til. SÞ skal semja við eiganda spennistöðvar um flutning hennar af svæðinu. Framangreindar framkvæmdir, beinar aðgerðir og óbætur, skulu vera Árborg að kostnaðarlausu.

15. gr.

Um greiðslu gatnagerðargjalda, byggingaleyfisgjalda, stofngjalda vatnsveitu, fráveitu og hitaveitu gilda að öðru leyti en greinir í 8. til 12. gr. samkomulags þessa almennar reglur, eftir því sem við á.

16. gr.

SÞ skal hafa eftirlitsmann með öllum verklegum framkvæmdum, efnisvali og umgegni á svæðinu á sinn kostnað. Eftirlitsmaðurinn skal hafa umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum, hann skal hafa samskipti við þá fulltrúa Árborgar sem koma að framkvæmdum á svæðinu, standa þeim skil á skýrslum og öllum öðrum upplýsingum sem Árborg kann að óska eftir. Sinna ábendingum og spurningum fulltrúa Árborgar, hafa umsjón með úttektum, ritun úttektaryfirlýsinga

Handwritten signature and initials in the bottom right corner.

17. gr.

Sveitarfélagið Árborg og fyrirtæki þess hafa rétt til að setja eftirlitsmann á eigin kostnað með framkvæmdum SP á svæðinu að undangenginni tilkynningu þar um til SP. Gera aðilar ráð fyrir því að um framkvæmdirnar gildi almennar reglur/hefðir um eftirlit í sambærilegum verkum. Þegar lokaúttekt gatna, gangstétta, göngustíga, vatnslagna, fráveitukerfis, götuljósakerfis og opinna svæða hefur farið fram af hálfu SP og framkvæmda- og veitusviðs Árborgar mun sveitarfélagið taka við rekstri þessara kerfa. Um lokaúttekt annarra lagnakerfa gilda ákvæði samninga þar um; þeim skal þó lokið áður en kemur til þeirrar lokaúttektar sem hér er fjallað um.

18. gr.

Ábyrgðartími verkþátta er í samræmi við ákvæði ÍST 30 sem í gildi er á framkvæmdatíma hverju sinni (þ.e. á þeim tíma sem verkáfangi er unninn).

Aðilar eru sammála um að tryggja sem best verkgaði allra verkþátta og skulu í þeim efnum að lágmarki uppfylla kröfur sem ÍST 30 kveður á um.

19. gr.

SP skal setja fram tímasetta áætlun fyrir verkefnið í heild sinni; skal hún m.a. ná til eftirtalinna atriða:

- verkhönnun, verklýsingar og útboðsgögn
- vega-, gatna- og stílgahönnun
- fráveituhönnun
- hönnun neysluvatnsveitu
- hönnun hitaveitu
- hönnun rafveitu
- hönnun fjarskiptakerfis (sími)
- yfirferð tilboða og verksamningar
- verkframkvæmdir og verkeftirlit
- lokaúttektir

Áætlunin skal unnin eins og kostur er með viðkomandi veitufyrirtækjum en aðilar skulu síðan gera sameiginlega verkáætlun sbr. 4. gr.

20. gr.

Vegna framkominna athugasemda og þróunar verkefnisins eru aðilar sammála um að breytt deiliskipulag fyrir miðbæ Selfoss verði auglýst að nýju. Verði það skipulag ekki formlega samþykkt þá fellur samkomulag þetta úr gildi.

Handwritten signature and initials in blue ink.

Selfossi, 28. júlí 2017

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar

22.07.2017



f.h. Sigtúns Þróunarfélags ehf.

22.07.2017

Sigtún Þróun

Vottar að rétti undirskrift,
dagsetningu og fjárhæði:

Sigtún Þróun ehf.
2000000000

SAMNINGUR UM MÁLEFNI LÓÐARINNAR AUSTURVEGI 4, AFSAL O.FL.

1. GR.

Aðilar samnings þessa eru Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029, Austurvegi 2, Selfossi (hér eftir nefnt **sveitarfélagið**) og Árfoss ehf., kt. 451184-0249, Austurvegi 69, Selfossi (hér eftir nefnt **Árfoss**).

2. GR.

Aðilar hafa komist að samkomulagi um að staðsetning, lóðamörk, byggingareitur og bílastæði á lóðinni Austurvegi 4, svæði 2, Selfossi, fastanúmer 234-0438, landnr. 178424, sem er í óskiptri sameign Árfoss (48,27%), sveitarfélagsins (30%) og íslenska ríkisins, (21,74%) sbr. þinglýsta eignaskiptayfirlýsingu frá nóvember 1997, skuli vera sem greinir í viðfestum uppdætti, dags. 6. febrúar 2017, sem Landform landslagsarkitektar gerðu í samráði við Árfoss.

Þá hafa aðilar komist að því samkomulagi að lóðin Austurvegur 4 (svæði 1), landnr. 175489, skuli vera óbreytt að öðru leyti en því að 13-14 bílastæðum verður komið upp á þeim hluta, sbr. ofangreindan uppdrátt.

Sveitarfélagið mun óska eftir því að við íslenska ríkið að sveitarfélagið fái að kaupa eða leysa til sín eignarhluta ríkisins í lóðinni, sbr. 2. mgr. 4. gr. samnings þessa. Samningur þessi byggir á þeirri forsendu að slík kaup/innlausn gangi eftir og fellur úr gildi að öðru leyti en hvað varðar 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. gangi þetta ekki eftir.

3. GR.

Árfoss skal leggja fram vinnu Landforms landslagsarkitekta með hnitaskrá sveitarfélaginu til afnota. Sveitarfélagið skal annast um að greiða kostnað vegna gerðar nýrra lóðablaða og annan kostnað sem af ofangreindu hlýst. Til viðbótar skal sveitarfélagið hafa milligöngu um greiðslu til Árfoss alls kr. 1.000.000,- frá Sigtúni Þróunarfélagi ehf. vegna kostnaðar Árfoss af málinu, svo sem vegna aðkomu lögmanns og skipulagsfræðings. Greiði Sigtún Þróunarfélag ehf. ekki fjárhæðina ber sveitarfélagið ábyrgð á greiðslu hennar.

4. GR.

Sveitarfélagið afsalar með samningi þessum núverandi hlutdeild sinni í lóðinni Austurvegi 4, svæði 2, (fastanúmer 234-0438) til Árfoss. Jafnframt afsalar Árfoss til sveitarfélagsins þeim eignarhluta sínum í lóðinni Austurvegi 4, svæði 2, (fastanúmer 234-0438) sem lendir utan lóðarmarka eins og þau eru sýnd í viðfestum uppdætti, dags. 6. febrúar 2017, sem Landform landslagsarkitektar gerðu í samráði við Árfoss.

Nái kaup/innlausn sveitarfélagsins á eignarhluta íslenska ríkisins í lóðinni fram að ganga þá afsalar sveitarfélagið þeim hluta einnig til Árfoss gegn greiðslu sömu fjárhæðar og

QAR GR 4P R. CHV B

sveitarfélagið innir af hendi vegna kaupa/innlausnar á eignarhluta íslenska ríkisins í lóðinni. Árfoss ber kostnað vegna þinglýsingar afsals þeim til handa.

5. GR.

Sveitarfélagið lýsir því yfir að það beri ábyrgð gagnvart mögulegu raski/tjóni sem Árfoss ehf. kann að verða fyrir vegna framkvæmda við gerð gatna og stíga í miðbæ Selfoss.

6. GR.

Sveitarfélagið skal hafa áframhaldandi afnot af lóðinni Austurvegi 4, svæði 2, í óbreyttri mynd sem bílastæði fyrir ráðhús sveitarfélagsins uns framkvæmdir á lóðinni hefjast, en þó að hámarki í átta ár frá undirritun samnings þessa. Sveitarfélagið tekur á sig þá skyldu að að leysa úr bílastæðamálum á svæðinu til framtíðar í nýju deiliskipulagi.

7. GR.

Þegar til framkvæmda á lóðum þeim sem greinir í 2. gr. og umhverfis þær kemur, skal sveitarfélagið búa svo um hnúta gagnvart framkvæmdaaðila að öryggi vegfarenda, notenda lóðarinnar og mannvirkja á henni verði tryggt. Í því sambandi skal einnig lögð áhersla á að starfsemi í Miðgarði verði ekki trufluð. Hugmyndir um útfærslu öryggisatriða, aðkomuleiða og rekstur framkvæmdasvæðisins á framkvæmdatíma, skulu bornar undir eigendur lóðanna og hljóta samþykki þeirra áður en framkvæmdir hefjast.

8. GR.

Færsla núverandi akstursleiðar um lóðina að ráðhúsi sveitarfélagsins skal útfærð í samráði við eigendur lóðanna. Samþykki eigenda lóðanna skal liggja fyrir áður en framkvæmdir að færslunni hefjast. Sveitarfélagið skal tryggja og ábyrgjast að hönnun og framkvæmd á færslu akstursleiðar kosti framkvæmdaaðili að öllu leyti. Sama á við um frágang bílastæða og lóðarjaðra þar sem framkvæmt verður.

9. GR.

Komi til þess að breyta þurfi lóðum og skipulagi frá því sem lagt er til grundvallar í 2. gr. samnings þessa skal það ekki gert nema að fengnu samþykki eigenda lóðanna.

10. GR.

Samningur þessi er gerður með þeim fyrirvara að deiliskipulag Sigtúns Þróunarfélags ehf. sem unnið er að fyrir svokallað miðbæjarsvæði á Selfossi óðlist gildi. Fyrirhugað er að deiliskipulagið verði auglýst að nýju í heild sinni í júní 2017. Óðlist það skipulag ekki gildi þá fellur samningur þessi úr gildi og kemur því ekki til framkvæmda utan ákvæða 3. mgr. 2. gr., 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. samnings þessa sem halda gildi sínu. Núgildandi deiliskipulag við Austurveg heldur þá áfram gildi sínu.

Óðlist framangreint deiliskipulag Sigtúns Þróunarfélags ehf. ekki gildi er samkomulag milli sveitarfélagsins og Árfoss um að Árfoss hafi, innan tveggja ára frá undirritun samnings þessa,

[Handwritten signatures]

rétt en ekki skyldu til að velja einn þriggja neðangreindra kosta og er sveitarfélagið þá skuldbundið til að hlíta því vali ef til kemur og efna samkomulagið fyrir sitt leyti hvað það varðar

- A. Sveitarfélagið afsalar til Árfoss núverandi eignarhlut sínum í lóðinni Austurvegur 4, svæði 2, (fastanúmer 234-0438), gegn greiðslu að fjárhæð kr. 17.000.- per fermetra lands.
- B. Sveitarfélagið afsalar til Árfoss núverandi eignarhlut sínum í lóðinni Austurvegur 4, svæði 2, (fastanúmer 234-0438), gegn greiðslu sömu fjárhæðar per fermetra lands og sveitarfélagið innir af hendi til íslenska ríkisins fyrir eignarhluta ríkisins í lóðinni enda hafi þau kaup/innlausn gengið eftir.
- C. Sveitarfélagið gefur út lóðarleigusamning til Árfoss fyrir núverandi eignarhlut sínum í lóðinni Austurvegur 4, svæði 2, (fastanúmer 234-0438), með hefðbundnum skilmálum.

11.GR.


Samningur þessi er undirritaður af framkvæmdastjóra sveitarfélagsins með fyrirvara um samþykki bæjarráðs. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Selfossi, 15 júní 2017.

f.h. Sveitarfélagsins Árborgar




f.h. Árfoss ehf



samþykki vegna breyttra lóðarmarka
f.h. íslenska ríkisins

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila



c.4 MS

